

Alþingi
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 12.02.2016
nr. erindis 201601578/50.13 jbh


Efni: Umsögn Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um vatnsveitur

Bæjarráð Mosfellsbæjar afgreiddi beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um vatnsveitur á 1247. fundi sínum þann 11. febrúar 2016 á eftirfarandi hátt:

Samþykkt með þremur atkvæðum að fela framkvæmdastjóra umhverfissviðs að skila umsögn um frumvarpið í samræmi við framlagt minnisblað.

Umsögnin Mosfellsbæjar fylgir með bréfi þessu sem sérstætt minnisblað.

Virðingarfyllst,


Jóhanna Björg Hansen
framkvæmdastjóri umhverfissviðs



Umsögn

Umsagnar óskaði:	Bæjarráð
Varðandi:	Alþingi
Nr. erindis	201601578/50.13
Dags.:	04.02.2016
Málefni:	Umsögn um frumvarp til laga um vatnsveitur
Afrit:	Engin

Meðfylgjandi er umsögn undirritaðrar vegna draga að ofangreindum lagafrumvarpi um breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Skoða þarf eftirfarandi atriði betur og hafa í huga áður en endanlegt frumvarp verður lagt fram:

1. Skilgreina þarf upphaf gjaldtöku mun betur en ný tillaga að 6. gr. gerir í frumvarpsdrögum, þar er enn óvissa, sem til stóð að eyða með nýjum lögum.
2. Mosfellsbær leggur til að það verði skýrt í lögum að eðlilegur tímunktur upphaf álagningar vatnsgjalds sé á við upphaf byggingarframkvæmda eða þegar sótt er um byggingarleyfi. Við þau tímamót eru byggingaráform sannanlega framundan og á þeim tímamóti er nær undantekningarlaust sótt um byggingarvatn og er vatnsveita þar með tengd við þá fasteign sem er að rísa. Með því móti má tryggja það sjónarmið að ekki sé verið að rukka vatnsgjald á óbyggðar lóðir, eins og upphaflega stóð til að tryggja í lögum.
3. Orðalagið : „mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda“ í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins getur boðið upp á þann skilning að ekki verði rukkað vatnsgjald fyrr en mannvirki er risið og það tengt endanlegu vatnsinntaki. Vatnsnotkun getur þó hæglega hafa staðið yfir ári eða jafnvel einhverjum árum lengur, í þágu mannvirkis sem hefur verið að rísa.
4. Ef tengja á vatnsgjaldið alfarið þeim fyrirvara að fasteign njóti þjónustunnar er besta lausnin að sjálfsgöðu að setja upp vatnsmæla. Það mun sannanlega hafa í för með sér talsverðan stofnkostnað fyrir notendur og veitur, en mun á endanum stuðla að eðlilegri vatnsnotkun. Nánast allstaðar í hinum vestræna heimi er vatnsnotkun mæld enda sýnir samanburður að við eyðum á Íslandi á mann nær tífalt meira vatnsmagni en flestir íbúar í nágrannalöndum gera. Samfélagslega mun því óhjákvæmilega verða hagkvæmt að innleiða mæla á vatnsnotkun þó að einhver skoðun hafi leitt til þeirrar niðurstöðu að það þyki nú of dýrt. Hafa verður í huga að hver vatnslítri kostar samfélagið talsvert í dælingum og dreifingu.
5. Samkvæmt nýjum frumvarpsdrögum er sett sú skýlausa krafa á vatnsveitur að útvega allt umbeðið slökkvivatn. Mótmæla verður að þessari kröfu skuli vera varpað á einn aðila. Það hlýtur að vera sameiginlegt verkefni slökkviliða, byggingaryfirvalda, vatnsveitna og notenda að sameiginlega bera ábyrgð á þessu og þar með tryggja að hagkvæm lausn verði fundin hverju sinni. Hætta er á að ef þetta er einvörðungu ábyrgð vatnsveitna verði kröfur óeðlilegar og muni þar með kosta samfélagið og veiturnar óeðlilegar fjárhæðir. Sem dæmi er rétt að nefna að flytji iðnaðarfyrirtæki í rótgróið húsnæði þar sem ekki er gert ráð fyrir slökkvivatni getur það kostað sveitarfélag tugi ef ekki hundruð milljóna að leggja nýjar stofnlagnir vegna eins fyrirtækis. Ekki getur talist eðlilegt að íbúar greiði niður slíkt með vatnsgjöldum sínum. Lagt er til að þessi



málaflokkur verði skoðaður og gaumgæfður betur áður en orðalag eins og nú er gerð tillaga um er gerð að lögum.

6. Ábending er gerð við þá skýringu með 2.gr. þar sem fullyrt er að heimæð sé almennt lögð um leið og tengt er við vatnsinntak og tengigrind húss. Vatnslagnir og heimæðar eru oftar en ekki lagðar þegar unnið er að stofnlagagerð nýrra hverfa samhliða gatnagerð. Heimæðar eru hins vegar ekki tengdar fyrr en tengigrind er komin.

Lagabreytingar þær sem nú er gerð tillaga um snúa að því að bregðast við vegna tveggja dóma Hæstaréttar (mál nr. 396/2013 og 397/2013), en þess má geta að þar sköpuðust sérstakar aðstæður í kringum efnahagshrunið þar sem byggingaráform frusu inni. Slíkt verður vonandi ekki daglegt brauð í framtíðinni.

Nýtt lagafrumvarp má hins vegar ekki ganga of langt í hina áttina og skapa óvissu um hvenær megi leggja á vatnsgjald. Taka þarf af allan vafa í þessu mikilvæga máli og laga orðalag breytingatillagna í samræmi við ábendingar þar um.

Virðingarfyllt
Jóhanna B. Hansen,
framkvæmdastjóri umhverfissviðs

